

1869. 25. febrúar. íbúa þessara sýslna, og sem nákvæmar verði tiltekið með samkomulagi millum yðar, herra stiptamtmaður, og amtmannsins í vesturumdæminu, og þar að auki yrði að fá yfirlýsing frá héraðslækninum í syðra umdæmi vesturamtsins um, hvort hann sè því samþykkur, að Páll Blöndal takist á hendur að gegna héraðslæknisstörfunum í Mýrasýslu.

26. febrúar. 12. Opið bréf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Þar eð Vér ekki höfum sèð Oss fært, samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis að veita frumvarpi því til stjórnarskipunarlags handa Íslandi, sem þingið féllst á á fundi sínum 1867, Vora konunglega staðfesting, höfum Vér álitid réttast að leggja stjórnarskipunarmálið að nýju fyrir alþingi, og láta nýjar kosningar fyrst fara fram í því skyni, og fyrir því að leysa upp alþingi það, sem nú er. Því bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er leyst upp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

26. febrúar. 13. Opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til fundar í ár.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Með því að Vér með opnu bréfi Voru dagsettu í dag höfum leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allrahæstur vilji Vor, að nýjar kosningar skuli nú í ár fara fram til alþingis fyrir næstu 6 ár. Fyrir því bjóðum Vér og skipum bæði öllum kjörstjórum og öðrum, sem eiga að styðja að kosningunum, að sjá svo um, að kosningarnar til alþingis fari fram sem fyrst, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í til-